



**Nýársávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
1. janúar 2022**

Góðan dag, góðir landsmenn,
og gleðilegt nýtt ár.

Ég færi ykkur öllum hlýjar kveðjur okkar Elizuz, þakka allt gamalt og gott. Vonandi hlökkum við flest til þess sem framtíðin getur fært okkur. Um leið veit ég að nýliðið ár hefur mörgum verið erfitt og sá vandi, sem við var að etja, hverfur ekki þótt dagatalið og gangur himintunglanna segi til um nýtt upphaf og hækkandi sól. Hjá sumum kvaddi sorgin líka dyra. Hugsum hlýtt til þeirra sem eiga um sárt að binda, til þeirra sem þurfa á stuðningi að halda.

Á nýliðnu ári vorum við enn minnt á ægimátt náttúruaflanna. Jarðeldar við Fagradalsfjall fara í annála. Á Seyðisfirði var unnið að hreinsun og björgun verðmæta eftir skriðuföllin miklu fyrir rúmu ári. Í Kinnarfjöllum runnu aurskriður og ollu tjóni. Hvergi lét fólk hugfallast og sem fyrr gildi það sama um land allt, allan ársins hring: Fólk í neyð naut aðstoðar björgunarsveita og annarra sem halda á vettvang þegar þörfin knýr.

Það ber sífellt að þakka. Síðustu misseri höfum við einmitt verið minnt á mikilvægi þess að þakka því fólki sem sinnir störfum í þjóðarþágu, mikilvægi samstöðu og samkenndar í samfélaginu og ekki síst mikilvægi bjartsýni og þors. Allt gildir þetta enn því við glímum áfram við veiruna, þann leiða vágast. Nú laust fyrir áramót var Landspítalinn settur á neyðarstig vegna álags þar. Á móti kemur að afbrigði veirunnar virðast veikjast eftir því sem líður á faraldurinn. Því leyfi ég mér að nefna það sem ég hef áður sagt: Við höfum séð það svartara, við munum sjá það bjartara. Farsóttin mun ekki valda sama usla og fyrri pestir, ekki síst vegna stórstígra framfara á sviði vísinda og þekkingar, velferðar og heilsu, bóluafna og annarra lyfja.

En að sjálfsögðu gæti þreytu meðal fólks, að sjálfsögðu þarf að hjálpa þeim sem verða fyrir búsiþjum vegna ástandsins, að sjálfsögðu þarf sífellt að

endurmeta leiðir sem eru í boði. Áfram er þó án efa affarasælast að við öll, almenningur, sérfræðingar og stjórnvöld, reynum að viðhalda þeirri einingu sem hefur gefist vel. Og reynum að viðhalda henni í krafti sannfæringar og umræðu, ekki ógnar og valdboðs, og án þess að ágreiningur leiði til djúpstæðs klofnings í samfélaginu, án þess að ótti ná á okkur heljartökum.

Ótti er ekki alltaf ástæðulaus, því fer fjarri. Hann getur fyllt okkur brýnum krafti þegar að okkur er sótt. En hann er vondur förunautur frá degi til dags. Lymskulegu valdi hans er vel lýst í kvæði Nínu Bjarkar Árnadóttur um fugl óttans sem tekur manneskjuna í klærnar, flýgur einnig inn í brjóst hennar og veinar þar. Þannig vinnur óttinn víst. Svo fær hann okkur jafnvel til að vera hvassyrтари en ella, stífari á okkar meiningu, tregari til að meðtaka önnur sjónarmið. Vel má vera að mörg ykkar kannist við þetta, sjálfur hef ég fundið þetta á eigin skinni. En reynum þá að gera betur. Reynum að láta ekki gremju eða reiði ná tökum á okkur.

Vissulega erum við ekki öll á sama báti, ekki öll á sömu skoðun – skárri væri það nú – en þrátt fyrir allt er það fleira sem sameinar okkur en það sem sundur skilur. Við búum saman á þessari eyju, ung sem aldin, í borg og bæ eða upp til sveita, komin af landnámsliði eða nýflutt hingað með rætur í fjarlægum löndum, með faggráður í farteskinu eða þaulreynd í skóla lífsins, nú eða hvort tveggja; hvers kyns fólk með hvers kyns hneigðir og drauma, trú og siði, há sem lág, málglöð sem fámál, dómhörð sem mild, ráðvana sem ráðagóð.

Og svo er það vonin og gleðin. Hvort sem fólk trúir því eða ekki teljumst við Íslendingar gjarnan til hamingjusömustu þjóða heims. Það veit á gott. Bjartsýni getur auðveldað það verk sem þarf að vinna, hvatt fólk til dáða, leyst það úr fjötrum doða og drunga.

En bjartsýni verður að byggja á raunsæi, annars reynist hún hjóm eitt. Margt getur valdið ugg, margt í lífi hvers og eins og ekki síður sameiginlegur vandi, loftslagsvá og viðsjár víða í heimi. Nýlega las ég líka að ef við finnum ekki tímanlega ný heimkynni annars staðar á Vetrarbrautinni sé úti um okkur.

Heimur versnandi fer – eða hvað? Í Raunvitund, þekktri bók Hans Roslings, er ekki skautað fram hjá byrðum dagsins og áskorunum framtíðar. En þar sýnir þessi læknir og prófessor, sem féll frá fyrir tæpum fimm árum, að þegar á heildina er litið hefur mannkyni aldrei liðið eins vel og nú um stundir. Aldrei hafa fleiri notið frelsis, menntunar og mannréttinda. Lífslíkur og lífsgæði hafa víðast vaxið og þau verkefni, sem bíða, er vel hægt að leysa í krafti hugvits okkar og vilja til góðra verka.

Hér heima er hvarvetna unnið að leiðum til að bæta líf og hag. Enn er verk að vinna en jafnrétti kynjanna er óvíða eins vel tryggt og hér á landi. Frumkvöðlar og fyrirtæki láta að sér kveða í nýsköpun og hátækni. Þann

hugarorkufreka iðnað þurfum við að efla og styrkja enn frekar. Í háskólum landsins er unnið að merkjum rannsóknum á mörgum sviðum. Í útvegi er sótt á mið sjálfbærni og gernýtingar afla þótt ætíð megi gera betur. Í Bændablaðinu les ég um frjóa hugsun í landbúnaði, þeirri gömlu stoð íslensks samfélags. Í ferðaþjónustu má finna marga vaxtarsprota sem munu standa af sér þrautir síðustu missera. Í heimi íþróttar, menningar og lista koma nýir snillingar sífellt fram á sjónarsviðið og þau eldri sýna áfram hvað í þeim býr.

Já, ágætu samlandar. Framtíðin er björt ef rétt er á málum haldið. Síst vil ég leggja fólki lífsreglurnar en í lok þessa ávarps leyfi ég mér að hvetja ykkur öll til að sinna sál og líkama eftir bestu getu, njóta hreyfingar og tala við vini, ættingja og aðra ef kvíði eða önnur angist sækir á. Enginn verður minni fyrir vikið og einnig er sjálfsagt að leita sérfræðiaðstoðar ef nauðsyn krefur. Góð heilsa er gulli betri og hér má hafa í huga að forvirkar aðgerðir stjórnvalda á sviði lýð- og geðheilsu bæta einatt líðan fólks og spara samfélaginu auk þess stórfé þegar allt kemur til alls.

En liggur ábyrgð á eigin lífi ekki hjá hverjum og einum? Hver er sinnar gæfu smiður, segir gamalt máltæki. Stundum verður mér þó hugsað til þess að þarna megi bæta við spurningarmerki: Hver er sinnar gæfu smiður? Við ráðum ekki öllu sem mætir okkur í þessu lífi.

En við getum þó ráðið miklu um eigið viðmót. Áðan nefndi ég að gosið við Fagradalsfjall rati í annála framtíðar. Það gerir einnig einstakt afrek á sviði læknávisinda. Síðastliðið vor græddi heilbrigðisteymi í Frakklandi nýja handleggi á einn landa okkar, Guðmund Felix Grétarsson. Þá gömlu missti hann í skelfilegu rafmagnsslysi rétt fyrir síðustu aldamót. Í raun er vonlaust að setja sig í spor þess sem lendir í slíkum hremmingum og víst tóku við erfið ár, stundir í svartnætti og örvilnun. En framþróun veitti von, ný þekking og ný lyf. Og Guðmundur gafst aldrei alveg upp. Honum féllust ekki hendur og ég veit að honum finnst í finu lagi að ég taki þannig til orða. Æðruleysi og skopskyn átti hann nefnilega líka uppi í erminni. Síðast en ekki síst naut hann stuðnings móður og föður, eiginkonu, dætra og vina. „Ég áttaði mig á því að þetta er val,“ sagði hann nýlega, „fólk kallar það oft að vera raunsær að vera neikvæður, en það sem er gott er alltaf til staðar alveg eins og það sem er slæmt. Við veljum hvort við erum að fókusera á. Þetta er bara spurning um hvernig líf maður vill eiga.“

Kæru landsmenn: Við hjónin óskum ykkur alls velfarnaðar á nýju ári. „Hvað boðar nýárs blessuð sól?“ spyr Matthías Jochumsson í þekktum sálmi og svarar að bragði: „Hún boðar náttúrunnar jól, hún flytur líf og líknarráð, hún ljómar heit af drottins náð.“ Reynum að hugsa vel um hvert annað og okkur sjálf. „Kveðjum stress og skjáinn,“ eins og segir í lagi Mugisons: „Syngjum lag, spilum spil, þá er gott að vera til.“